23. ágúst 2016

# Hagnaður N1 712 milljónir króna á 2. ársfjórðungi 2016

## Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 1.104 m.kr. á 2F 2016 samanborið við 1.004 m.kr. á sama tímabili 2015
- Framlegð af vörusölu jókst um 6,3% á 2F 2016
- Selt magn án JET lækkaði um 7,2% á milli 2F 2016 og 2F 2015 vegna minni umsvifa í sjávarútvegi ásamt minni sölu til erlendra aðila
- Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 10,0% á milli 2F 2016 og 2F 2015
- Eigið fé var 7.497 m.kr. og eiginfjárhlutfall 37,5% í lok 2F 2016
- Arðsemi eigin fjár var 22,2% á 6M 2016 (6M 2015: 15,8%)

| *Þúsundir króna* | *2F 2016* | *2F 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2016* | *6M 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 3.038.767 | 2.857.377 | 181.390 | 6,3% | 5.117.595 | 4.840.298 | 277.297 | 5,7% |
| Aðrar rekstrartekjur | 95.391 | 92.511 | 2.880 | 3,1% | 187.894 | 193.622 | -5.728 | -3,0% |
| EBITDA | 1.103.882 | 1.004.163 | 99.719 | 9,9% | 1.477.511 | 1.273.468 | 204.043 | 16,0% |
| EBIT | 926.460 | 828.259 | 98.201 | 11,9% | 1.127.072 | 922.850 | 204.222 | 22,1% |
| EBT | 905.616 | 787.792 | 117.824 | 15,0% | 1.050.087 | 942.700 | 107.387 | 11,4% |
| Hagnaður tímbilsins | 711.933 | 634.937 | 76.996 | 12,1% | 831.428 | 769.512 | 61.916 | 8,0% |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | | |
| Birgðir | - | - | - | - | 3.252.548 | 4.018.818 | -766.270 | -19,1% |
| Viðskiptakröfur | - | - | - | - | 3.245.204 | 4.330.639 | -1.085.435 | -25,1% |
| Vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | 6.370.000 | 7.467.499 | -1.097.499 | -14,7% |
| Handbært fé | - | - | - | - | 1.476.100 | 1.246.919 | 229.181 | 18,4% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | 4.970.110 | 6.284.262 | -1.314.152 | -20,9% |
| **Sjóðstreymi** | | | | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 193.302 | 475.684 | -282.382 | -59,4% | 776.126 | 975.322 | -199.196 | -20,4% |
| Fjárfestingahreyfingar | -244.422 | -92.295 | -152.127 | 164,8% | -494.900 | -198.031 | -296.869 | 149,9% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -1.129.590 | -3.900.519 | 2.770.929 | -71,0% | -1.282.470 | -4.182.917 | 2.900.447 | -69,3% |
| Handbært fé í lok tímabils | 1.476.100 | 1.246.919 | 229.181 | 18,4% | 1.476.100 | 1.246.919 | 229.181 | 18,4% |
| **Lykiltölur** | | | | | | | | |
| EBITDA/framlegð | 36,3% | 35,1% | 1,2% | 3,4% | 28,9% | 26,3% | 2,6% | 9,7% |
| Eiginfjárhlutfall | | | | | 37,5% | 37,3% | 0,2% | 0,5% |
| Laun/framlegð | 34,9% | 34,2% | 0,8% | 2,2% | 40,2% | 40,7% | -0,5% | -1,1% |
| Hagnaður á hlut | 2,03 | 1,11 | 0,92 | 82,9% | 2,38 | 1,21 | 1,17 | 96,7% |
| Arðsemi eigin fjár | - | - | - | - | 22,6% | 15,4% | 7,2% | 46,8% |
| Fjárfestingar | -306.262 | -86.409 | -219.853 | -254,4% | -586.164 | -217.538 | -368.626 | 169,5% |
| Veltuhraði birgða | 8,15 | 12,03 | -3,88 | -32,3% | 7,35 | 10,89 | -3,54 | -32,5% |

| *Þúsundir króna* | *2F 2016* | *2F 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2016* | *6M 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Markaðshlutdeild án JET * | 32,5% | 36,2% | -3,7% | -10,3% | 33,2% | 37,2% | -4,0% | -10,8% |
| Markaðshlutdeild bensín | 32,0% | 32,5% | -0,6% | -1,8% | 30,7% | 30,9% | -0,2% | -0,6% |

** JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti*

23. ágúst 2016

## Rekstur annars ársfjórðungs

| *Þúsundir króna* | *2F 2016* | *2F 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2016* | *6M 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 3.038.767 | 2.857.377 | 181.390 | 6,3% | 5.117.595 | 4.840.298 | 277.297 | 5,7% |
| Aðrar rekstrartekjur | 95.391 | 92.511 | 2.880 | 3,1% | 187.894 | 193.622 | -5.728 | -3,0% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | -1.061.141 | -975.936 | 85.205 | 8,7% | -2.057.745 | -1.968.223 | -89.522 | 4,5% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -553.803 | -595.406 | -41.603 | -7,0% | -982.781 | -1.082.229 | 99.448 | -9,2% |
| Annar rekstrarkostnaður | -415.332 | -374.383 | 40.949 | 10,9% | -787.452 | -710.000 | -77.452 | 10,9% |
| EBITDA | 1.103.882 | 1.004.163 | 99.719 | 9,9% | 1.477.511 | 1.273.468 | 204.043 | 16,0% |

EBITDA á 2F 2016 var 1.104 m.kr. samanborið við 1.004 m.kr. á sama tímabili 2015. Aukning í framlegð félagsins skýrist að mestu af auknum umsvifum á einstaklingsmarkaði og bílaþjónustu ásamt því að hækkun á heimsmarkaðsverði olíu hafði jákvæð áhrif á framlegð. Samningsbundnar launahækkanir skýra að mestu hærri og launa- og starfsmannakostnað á 2. ársfjórðungi 2016 miðað við sama tímabil 2015.

## Tekjur á öðrum ársfjórðungi

| *Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í þúsundum króna* | *2F 2016* | *2F 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2016* | *6M 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selt magn - bensín | 15.894 | 15.444 | 449 | 2,9% | 27.908 | 26.822 | 1.085 | 4,0% |
| Selt magn - gasolía | 23.950 | 20.774 | 3.176 | 15,3% | 41.547 | 36.895 | 4.652 | 12,6% |
| Selt magn - heild án JET | 58.505 | 63.042 | -4.537 | -7,2% | 196.883 | 107.489 | 89.395 | 83,2% |
| Velta annarra vara | 2.808.352 | 2.658.251 | 150.101 | 5,6% | 5.014.286 | 4.765.811 | 248.475 | 5,2% |
| Framlegð eldsneytis | 1.747.656 | 1.657.676 | 89.980 | 5,4% | 2.853.482 | 2.769.306 | 84.176 | 3,0% |
| Framlegð annarra vara | 1.291.111 | 1.199.701 | 91.410 | 7,6% | 2.264.113 | 2.070.992 | 193.121 | 9,3% |

| | *2F 2016* | *2F 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2016* | *6M 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Markaðshlutdeild án JET * | 32,5% | 36,2% | -3,7% | -10,3% | 33,2% | 37,2% | -4,0% | -10,8% |
| Markaðshlutdeild bensín | 32,0% | 32,5% | -0,6% | -1,8% | 30,7% | 30,9% | -0,2% | -0,6% |

Selt magn án JET minnkaði um 7,2% á 2F 2016 samanborið við 2F 2015 en minnkunin skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi á 2F 2016 ásamt minni sölu til erlendra aðila. Breytt samsetning sölu á 2F 2016 miðað við 2F 2015 ásamt hækkun á heimsmarkaðsverði olíu á öðrum ársfjórðungi 2016 skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 2. ársfjórðungi 2016 er hærri en á sama tímabili 2015. Umsvif í eldsneytissölu á einstaklingsmarkaði jukust á milli tímabila sem tengist að mestu aukinni umferð. Velta annarra vara jókst um 5,6% á 2F 2016 ef horft er til sama tímabils á árinu 2015 en aukningin skýrist einnig að mestu af auknum umsvifum á einstaklingsmarkaði og í bílaþjónustu.

23. ágúst 2016

## Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi

| *Þúsundir króna* | *2F 2016* | *2F 2015* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| Launa- og starfsmannakostnaður | -1.061.141 | -975.936 | 85.205 | 8,7% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -553.803 | -595.406 | -41.603 | -7,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | -415.332 | -374.383 | 40.949 | 10,9% |

Samningsbundnar launahækkanir skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á 2. ársfjórðungi 2016 miðað við sama tímabil 2015. Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á 2F 2016 var 534 en var 524 á 2F 2015 en fjölgun stöðugilda er vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði. Sölu- og dreifingarkostnaður var 7,0% lægri á öðrum ársfjórðungi 2016 sem skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi ásamt minni sölu á flugeldsneyti (JET) og til erlendra aðila. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 10,9% á 2F 2016 miðað við 2F 2015 en hækkunin er að mestu vegna almennra kostnaðarhækkana.

## Fjármagnsliðir

| *Þúsundir króna* | *2F 2016* | *2F 2015* | *Breyting* | *% Breyting* |
|---|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 27.055 | 92.693 | -65.638 | -70,8% |
| Fjármagnsgjöld | -118.470 | -102.635 | 15.835 | 15,4% |
| Gengismunur | 8.285 | -55.976 | 64.261 | -114,8% |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 62.286 | 25.451 | 36.835 | 144,7% |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | -12.669 | 0 | -12.669 | - |
| Samtals | -33.513 | -40.467 | 6.954 | -17,2% |

Fjármunatekjur voru lægri á 2F 2016 en á sama tímabili árið á undan fyrst og fremst vegna lægri stöðu handbærs fjár en hærri innlánsvextir á 2F 2016 vega þó á móti. Fjármagnsgjöld voru hærri á 2F 2016 samanborið við 2F 2015 að stærstum hluta vegna hærri vaxta af langtímaláni. Gengismunur var jákvæður á 2F 2016 en neikvæður á 2F 2015 vegna þróunar á gengi USD. Afkoma hlutdeildarfélaga var hærri á 2F 2016 en á 2F 2015.

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

| *Þúsundir króna* | *6M 2016* | *6M 2015* | *Breyting* | *% Breyting* | *2015* |
|---|---|---|---|---|---|
| Birgðir | 3.252.548 | 4.018.818 | -766.270 | -19,1% | 2.604.007 |
| Viðskiptakröfur | 3.245.204 | 4.330.639 | -1.085.435 | -25,1% | 2.275.197 |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.370.000 | 7.467.499 | -1.097.499 | -14,7% | 6.370.000 |
| Handbært fé | 1.476.100 | 1.246.919 | 229.181 | 18,4% | 2.472.372 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 4.970.110 | 6.284.262 | -1.314.152 | -20,9% | 3.971.750 |
| Eiginfjárhlutfall | 37,5% | 37,3% | 0,2% | 0,5% | 41,2% |
| Veltuhraði birgða | 7,35 | 10,89 | -3,54 | -32,5% | 12,03 |

Lækkun birgða og viðskiptakrafna á milli 2F 2016 og 2F 2015 skýrist að mestu af lægra heimsmarkaðsverði á olíu og styrkingar á ISK. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum á 2F 2016 voru 295 m.kr. Vaxtaberandi skuldir eru lægri í lok júní 2016 en á sama tíma 2015 vegna skammtímaláns í lok 2F 2015 en ekki var dregið á lánalínur á 2F 2016.

**Horfur í rekstri N1 hf. og hækkun á EBITDA spá 2016**

- Órói á olíumörkuðum mun valda sveiflum á framlegð og fjárbindingu
- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna
- Launahækkanir samkvæmt kjarasamningum munu hafa töluverð áhrif á launakostnað félagsins

Í ljósi afkomu á fyrri helmingi ársins gerir félagið nú ráð fyrir að EBITDA ársins 2016 verði 3.150 – 3.250 m.kr. Sú spá gerir ráð fyrir því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 118. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

**Hluthafar**

- Markaðsvirði félagsins í lok júní 2016 nam 24,3 milljörðum króna
- Félagið greiddi hluthöfum arð að fjárhæð 1.050 m. kr. þann 7. apríl 2016

**Kynningarfundur miðvikudaginn 24. ágúst 2016**

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 24. ágúst 2016 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/ og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

**Fjárhagsdagatal**

- Árshlutareikningur 3F 2016: 27. október 2016
- Ársreikningur 2016: 16. febrúar 2017
- Aðalfundur 2017: 22. mars 2017

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (peturh@n1.is).